

Nr. 120 / 13 Sædís Bára GK 88***Strandar við Skagaströnd, stjórnandi sofnar***

Skipaskr.nr. 2829
 Smíðaður: Njarðvík 2012, plast
 Stærð: 14,35 bt.
 Mesta lengd: 12,85 m Skráð lengd: 11,67 m
 Breidd: 3,40 m Dýpt: 1,64 m
 Vél: Mermaid 186 kW, 1991
 Fjöldi skipverja: 2



Sædís Bára©Vigfús Markússon

Gögn:
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. júlí 2013 var Sædís Bára GK 88 að koma til löndunar á Skagaströnd. Veður: NNA 5 m/s.

Sædís Bára var á leið til Skagastrandar úr róðri í Drangaál og hafði skipstjóri sett stefnu laust sunnan við Spákonufellshöfða.

Um kl. 06:30 strandaði báturinn á grynningum inn af Árbakkasteini sem er í sunnanverðri innsiglingunni á stað 65°48,58N og 020°18,45V. Eftir að aðstæður höfðu verið skoðaðar og engin leki fannst hafði skipstjórinn samband við Björgunarsveitina Strönd sem ferjaði skipverjana í land á meðan beðið var eftir aðfalli.



Báturinn á strandstað, Skagaströnd sést til hægri á myndinni

Á síðdegisflóðinu flaut báturinn og var honum siglt fyrir eigin vélarafli af strandstað til hafnar til frekari skoðunar en ekki varð vart við leka.

Eftir að báturinn var tekinn á land kom í ljós að engar ákomur voru á skrokknum enda lagðist hann á bakborðssíðuna eftir að hann strandaði.

Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt löndunarskrá Fiskistofu voru löndunardagar bátsins þann 19. í Bolungarvík og 23., 26., 28. og 30. júlí á Skagaströnd;
- að sögn skipstjóra var hann við stjórn og sofnaði þegar skammt var eftir í Spákonufellshöfða;
- að skipstjóri sagðist hafa hvílst lítið og illa dagana fyrir atvikið en hann hafði róði fimm túra í beit. Hann hafi reynt að sofa á stímum þegar færi gafst til þess. En sökum vindsperrings, öldugangs og hreyfingar bátsins hafi hann lítið hvílst þar sem kójan sé fremst í bátnum. Lítið þurfi að vera í sjóinn svo hann þurfi ekki að halda sér eða skorða sig sérstaklega til að geta sofið;
- að í bátnum var MaxSea siglingakerfi með undirliggjandi kortagrunni, tengt GPS staðsetningatæki, en búnaðurinn var ekki tengdur aðvörunarbúnaði. Í dýptarmæli var dýpisaðvörun sem hafði ekki verið gerð virk. Ratsjá var búin stillanlegum aðvörunarhring en hann hafði ekki verið gerður virkur. Enginn vökustaur var í bátnum;
- að eftir að báturinn var tekinn á land sáust engar ákomur á skrokknum en hann lagðist á bakborðssíðuna á skerinu. Undir kjölnum var kjölfestujárn sem tók við ákomunni þegar báturinn sigldi á 7,4 hnúta ferð upp á skerið. Á járninu sáust nokkrar grunnar rispur;
- að þar sem grynningar voru víða í kringum strandstað kom björgunarbátur frá björgunarsveitinni Strönd og eftir að aðstæður höfðu verið skoðaðar var afráðið að fresta aðgerðum þar til félli að. Skipverjar voru því ferjaðir í land;
- að eftir að báturinn kom að bryggju, eftir strandið, vigtaðist 4.040 kg. afli upp úr bátnum. Skipstjóri sagðist hafa dregið nánast allan aflann sjálfur á handfæri.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var að skipstjóri sofnaði við stjórn bátsins.

Sérstök ábending:

Mörg mál sambærileg þessu hafa borist nefndinni á liðnum árum þar sem stjórnandi sofna á siglingavakt oft á tíðum vegna langvinnrar þreytu og óhóflegrar vöku. Nefndin beinir því til skipstjórnarmanna að huga vel að mikilvægi hvíldar til að koma í veg fyrir að þeir sofni við stjórn. Þá hvetur nefndin stjórnendur til að nota allan þann viðvörunarbúnað sem getur komið í veg fyrir atvik sem þetta.